

Minnisblað um ESPON 2010-2011

ESPON vinnur nú á öðru starfstímabili, 2007-2013, í framhaldi af því að starfið á fyrra tímabilinu, 2002-2006, þótti gefa góða raun. Tilgangur starfsins er að stuðla að faglegum byggðarannsóknum og skjóta þannig vísindalegum staðreyndum undir stefnumótun ESB á sviði byggða- og svæðatengdrar samkenndar og byggðaþróunar. ESPON hefur lagt 5 megináherslur fyrir tímabilið og markmið fyrir hverja þeirra.

Í upphafi tímabilsins fór óvænt langur tími í að endurskoða starfsreglur ESPON og ná um þær samkomulagi við stjórnvöld ESB þannig að engin rannsóknavinna hófst fyrr en komið var fram á árið 2008. Vegna þessarar reynslu hefur ESPON þegar byrjað endurskoðun á reglum fyrir næsta tímabil, til 2020, til þess að ekki komi tímabil þar sem rannsóknastarf fellur alveg niður. Viðurkennt er að báknið er mikið, það kostar mikið að ná hverri krónu til rannsókna, í vinnu og fyrirhöfn og kerfið, stjórnun og faglegt og fjárhagslegt eftirlit, er flókið og þungt. Umræðan innan ESPON hefur því snúist nokkuð um einföld sjálfseignarfélög, eins konar byggðasamlög til þess að standa að ESPON-starfinu, félagsformi sem ESB hefur verið að þróa og nefnt er European Grouping of Territorial Cooperation, EGTC. Mikill ágreiningur er um þetta form sem byggir á ESB-reglum (nr. 1082/2006) og aðildarlönd hafa sum verið að setja um það lög (t.d. Danmörk).

Flækjustig og fyrirhöfn við að sækja styrki til ESPON virtist á tímabilinu hafa leitt til minnkandi áhuga rannsóknastofnana fyrir ESPON-verkefnum og –styrkjum en síðustu misseri, 2010 og 2011 hafa viðbrögð við verkefnaköllum verið góð. Áhugi virðist mikill fyrir framhaldi á starfi ESPON, meðal rannsóknastofnana, þeirra sem koma að starfi ESPON á einhvern hátt og þeirra sem starfa að stefnumótun hjá ESB.

Auk 27 aðildarlanda ESB eiga EES-löndin, Ísland, Liechtenstein og Noregur ásamt Sviss (Partner States, PS) aðild að ESPON, þannig að á „ESPON-svæðinu“ er 31 land og Ísland er í vaxandi mæli viðfangsefni í rannsóknum og sýnt á kortum sem slíkt í stað þess að vera þar á bak við skýringaskilti eða sýnt óbyggt. Árið 2010 var þátttaka í rannsóknastarfi ESPON orðin svo mikil í PS-löndum, Sviss og Noregi, að framlög frá ERDF til ESPON voru að stöðvast en úr því var leyst í samkomulagi.

Íslensk þátttaka er komin á í þremur ESPON-verkefnum á þessu starfstímabili, í öllum tilvikum af hálfu Háskólans á Akureyri. Í fyrsta lagi er samstarfsverkefni starfstengiliða (ECP) norrænu og baltnesku landanna, NORBA (sjá: www.rha.is/norba/forsida). Í öðru lagi, undir 2. áherslu, er ESPON TEDI verkefnið um (Territorial Diversity) fjölbreytileika svæða sem er lokið og í þriðja lagi, undir 1. áherslu, er SeGI verkefnið um (Services of General Interest) eða nánast um þjónustusvæði. Að auki mun vera íslensk þátttaka í verkefni á mótunarstigi undir 2. áherslu. Þátttaka Íslendinga í ESPON-verkefnum er þannig í hæðum vexti.

Á síðasta starfstímabili 2002-2006, tók Háskólinn á Akureyri þátt í „fiskveiðiverkefninu“ Territorial Impacts of European Fisheries Policy í samstarfi við norska rannsóknastofnun.

Árið 2010 voru haldnir 4 MC fundir, 2 ECP fundir og 2 ráðstefnur, í Alcalá á Spáni og Liege í Belgíu, í tengslum við ECP fundina og 2 MC fundi. Samskipti ESPON-skrifstofunnar, CU, og stjórnarnefndarinnar, MC, fóru að auki fram með rafrænum orðaskiptum, með svokallaðri Written Procedure, WP, sem er vaxandi starfsþáttur, aðferð til þess að draga úr ferðalögum og útgjöldum. WP-ferlar hjá MC voru 9 árið 2010 og enn fleiri eru áætlaðir 2011 en MC fundir verða einum færri en 2010. Á hjálagðri töflu má sjá gildandi starfsáætlun ESPON 2011-2012.

Unnið var í verkefnum í öllum áhersluflokkum ESPON.

Ársskýrslur ESPON:

www.espon.eu/main/Menu_Programme/Menu_ProgrammeRelatedDocuments/annualreports.html

Maí 2011